

## Siðareglur birgja Isavia

Isavia er aðili að alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna (UN Global Compact) og skuldbindur félagið sig til að stefna og starfshættir séu í samræmi við tíu meginþætti Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu.

Isavia hefur sett siðareglur fyrir birgja í samræmi við meginþættina tíu. Gerð er sú krafa að birgjar sem félagið skiptir við uppfylli siðareglurnar og sjái til þess að þeirra birgjar geri slíkt hið sama. Birgi skal, sé þess óskað, geta staðfest að þessum siðareglum sé fylgt.

Með „birgi“ er átt við fyrirtæki eða einstakling sem sér Isavia fyrir vörum eða þjónustu. Isavia gerir þá kröfu að birgjar:

### VINNUMÁL

#### Félagafrelsi og réttur til kjarasamninga

Virði og viðurkenni rétt starfsfólks til félagafrelsis og gerð kjarasamninga. Sé réttur til félagafrelsis og/eða gerð kjarasamninga takmarkaður samkvæmt lögum í viðkomandi landi skulu birgjar heimila starfsfólki að kjósa sér fulltrúa til að verja rétt þeirra á vinnustað.

#### Nauðungarvinna

Ábyrgist að starfsfólk framkvæmi vinnu sína án nauðungar og að því sé frjálst að segja upp vinnu sinni og hætta með hæfilegum eða lögbundnum fyrirvara.

#### Barnavinna

Ráði ekki börn undir lögaldri til að framkvæma vinnu sem er hættuleg eða skaðleg heilsu þeirra og öryggi. Réttur barna til þroska, velferðar og menntunar skal virtur. Birgjar skulu að lágmarki fylgja reglum um lágmarksaldur til starfa samkvæmt skilyrðum Alþjóða vinnumálastofnunarinnar (ILO).

#### Mismunun

Sjái til þess að starfsmenn fái jöfn tækifæri og njóti jafnréttis án mismununar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis, skoðana, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti. Birgjar skulu skapa starfsumhverfi sem einkennist af jafnrétti, umburðarlyndi og gagnkvæmri virðingu.

#### Laun, vinnutími og önnur vinnuskilyrði

Greiði starfsfólki sínu regluleg laun (að lágmarki mánaðarlega) og að greiðslur, eða hluti þeirra, verði ekki eftir hjá milliliðum. Greidd skulu a.m.k. lágmarksalaun eins og gerð er krafa um í lögum, reglum og/eða kjarasamningum í viðkomandi landi. Birgjar skulu halda bókhald um launagreiðslur og geta sýnt fram á að svo sé sannarlega gert. Þeir skulu virða lög og reglur um réttindi starfsfólks t.d. til hvíldar, lengd vinnutíma, orlofs, veikindaréttar og annarra launakjara.

## Heilsa og öryggi

Sjái til þess að vinnuumhverfi starfsfólks sé heilsusamlegt og öruggt. Birgjar fari eftir lögum og reglum viðkomandi lands um aðbúnað á vinnustað og sjái starfsfólki sínu fyrir viðeigandi búnaði og þjálfun í öryggis- og vinnuverndarmálum. Þeir geri allt sem í þeirra valdi stendur til að minnka slyshættu og neikvæð áhrif á heilsu starfsfólks.

## MANNRÉTTINDI

### Mannréttindi

Virði alþjóðleg mannréttindi. Birgjar skapi og viðhaldi umhverfi þar sem komið er fram við starfsfólk af virðingu, þar sem hvers kyns andlegt og/eða líkamlegt ofbeldi eða hótanir um slíkt líðast ekki.

## UMHVERFISMÁL

### Umhverfi

Isavia gerir þær kröfur að birgjar þekki umhverfisáhrif starfsemi sinnar og leitist við að draga úr þeim með markvissum hætti.

## GEGN SPILLINGU

### Siðferði í viðskiptum

Vinni ávallt gegn spillingu, þar með talið mútum, kúgun og fjársvikum. Þeir bjóði ekki eða biðji um, krefjist, veiti eða þiggi mútur með beinum eða óbeinum hætti, fyrir sjálfa sig eða aðra. Birgjar starfi í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og viðhafi viðurkennt siðferði í viðskiptum sínum.

### Hagsmunaárekstrar

Forðist hvers konar hagsmunaárekstra í viðskiptum sínum við félagið. Með hagsmunaárekstrum er t.d. átt við að fulltrúi birgja, skyldmenni hans eða vinir hafi eða geti haft persónulega hagsmuni af þeim viðskiptum sem um ræðir. Birgi tilkynni Isavia án undantekninga um mögulega hagsmunaárekstra.

Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar á innri og ytri vef félagsins.

Samþykktar af forstjóra Isavia hinn 27. júní 2017.